



fréttabréf



iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar

Alþjóðlegur fundur
IPHE á Íslandi

Sendinefnd til
Rúmeníu og Búlgaríu

www.raduneyti.is

1. tbl. 6. árg. nóvember, 2004

Aðild Íslands að Evrópska einkaleyfasamningnum (EPC)

Ísland varð aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum 1. nóvember 2004. Frá og með þeim tíma eru aðildarríki Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar orðin 29 talsins. Evrópska einkaleyfastofnunin er svæðisstofnun í skilningi hins alþjóðlega samstarfssamnings um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty) sem Ísland er aðili að. Í samstarfssamningnum felst að leggja má inn alþjóðlegar umsóknir sem sendar eru áfram til einstakra ríkja til skráningar. Markmiðið með evrópska einkaleyfasamningnum er hins vegar að koma upp samræmdu einkaleyfakerfi í Evrópu sem geri það auðveldara, ódýrara og tryggara að fá einkaleyfi í aðildarríkjum. Staða og hlutverk Einkaleyfastofnunar mun breytast við aðild og færast í átt til aukinnar þjónustu við umsækjendur og atvinnulíf. Þótt íslenskir aðilar

geti nú þegar sent umsóknir til Evrópsku einkaleyfastofnunarinnar er talið eðlilegt að Ísland skipi sér í sveit nágrannaríkja með aðild sinni að stofnuninni. Segja má að aðild að Evrópsku einkaleyfastofnuninni sé talin

vísbending um að ríki hafi nútímalegt og aðgengilegt viðskiptaumhverfi. Slíkt getur e.t.v. skipt máli fyrir erlenda aðila sem hyggja á fjárfestingu hér á landi. (Sjá nánar á vef ráðuneytisins www.ivr.is Lög og reglugerðir/félagaréttur.

Mikill fjöldi nýrra þingmála fyrirhuguð á 131. löggjafarþingi

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hyggst leggja fram hátt á þriðja tug frumvarpa á Alþingi í vetur. Á meðfylgjandi lista yfir þingmál kennir ýmissa grasa. Þar er t.d. að finna viðamiklar skipulagsbreytingar á stofnunum og frumvörp sem innleiða í íslenskan rétt nýjar tilskipanir í EES-samningnum. Í viðskiptaráðuneytinu verða lögð fram frumvörp sem leiða af vinnu nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi, svo sem frumvarp til nýrra samkeppnislaga og frumvörp til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög. Einnig eru mörg frumvörp sem til eru komin vegna breytinga á tilskipunum Evópusambandsins á sviði verðbréfavíðskipta. Í iðnaðarráðuneytinu bera hæst frumvörp um hitaveitur og vatnsveitur og frumvarp um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.

Viðskiptaráðuneyti:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti (markaðssvik).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti (yfirtökur).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti (útboðs- og skráningarlýsingar).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi (fjármálasamsteypur, slit lánastofnana).
- Framvarp til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu.
- Frumvarp til laga um færslur í evrum á milli landa.
- Frumvarp til laga um miðlun váttrygginga.
- Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnustarfsemi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkaleyfi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

- Frumvarp til laga um sameignarfélög.
- Frumvarp til samkeppnislaga.
- Frumvarp til laga um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðar.
- Frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og löggilta vigtarmenn.
- Frumvarp til laga um faggildingu og faggildingarstarfsemi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Löggildingarstofu.

Iðnaðarráðuneyti:

- Frumvarp til laga um hitaveitur.
- Frumvarp til vatnalaga.
- Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum.
- Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Járnblendifélagið.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.



fréttabréf



iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

6. árgangur 1. tbl. nóvember, 2004.

Ábyrgðarmaður: Kristján Skarphéðinsson

Ritstjóri: Guðrún Skúladóttir

Hönnun og umbrot: ENNEMM

Útg: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,

Aarnarhvoli, 150 Reykjavík

Netfang: guðrún.skuladottir@ivr.stjr.isVeffang: raduneyti.is

Prentun: Hvítt & svart, Sauðárkróki

ISSN - 1563-0951

Forsíðumynd: Við Dyrhólaey við tókur á

Bjólfskviðu.

Valgerður heimsótti kvikmyndagerðarfólk við töku á mynd Baltasar Kormáks, *A Little Trip to Heaven*. Á myndinni eru með henni þau Lilja Pálmadóttir meðframleiðandi og Forest Whitaker leikari.



Við tökum á myndinni *Bjólfskviðu*. Upptökur fóru m.a. fram við Dyrhólaey. Frá vinstri: Gerald Butler, Valgerður Sverrisdóttir og Sturla Gunnarsson, leikstjóri.

Ráðherra heilsar upp á heimsfræga leikara

Það er hlutverk hins opinbera að búa atvinnulífinu skilyrði til vaxtar. Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1999 eru gott dæmi um viðleitni ríkisstjórnarinnar til að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Mikil gróska hefur fylgt í kjölfarið. Um þessar mundir eru í framleiðslu þrjú stór verkefni á sviði kvikmyndaframleiðslu, sem eru umfangsmeiri og kostnaðarsamari en áður hefur þekkt á Íslandi. eru þetta framleiðsla á sjónvarpsþáttunum um Latabæ og kvikmyndirnar *Bjólfskviða* og *A Little Trip to Heaven*. Við þessi þrjú verkefni starfa á milli 300 og 400 manns, að stórum hluta Íslendingar. Má segja að verkefni þessi séu til marks um þá hæfni sem orðin er til í þessum iðnaði að ógleymdu hagstæðu lagaumhverfi. Er það eftirtektarvert að í landinu sé nægilega mikið af fagfólki sem gerir það mögulegt að framleiða svo stór verkefni samtímis. Framleiðslukostnaður þessara verkefna er yfir 2,5 milljarðar



Valgerður ásamt leikkonunni Julia Stiles, aðal-leikkonu myndarinnar *A Little Trip to Heaven*.

sem falla að miklu leyti til hérlendis. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur vegna þessara verkefna muni nema um 250 milljónum. Verðmætasköpunin í þessum verkefnum er gífurleg og fjármagnið kemur sem hrein viðbót inn

í atvinnurekstur landsins. Áhrifanna er sérstaklega að gæta á landsbyggðinni þar sem kvikmyndaötukur eru tíðari en á höfuðborgarsvæðinu. Þó er rétt að hafa í huga að í Garðabæ hafa á síðustu misserum risið tvö kvikmyndaaver, sem óskandi er að muni hafa grundvöll til að starfa áfram.

Lögin eru tímabundin og renna skeið sitt á enda í árslok 2006. Æskilegt er að unnt verði að framlengja gildistíma laganna, en ljóst er að þegar í dag þarf að tryggja meira fjármagn til verkefnisins, enda eru þau verkefni sem nú eru í framleiðslu mun stærri að umfangi en bjartsýnustu menn þorðu að vona í upphafi þessarar tilraunar.

Frá setningu laganna hafa verið endurgreiddar rúmlega 150 milljónir króna vegna 15 verkefna. Þá hafa 26 verkefni í framleiðslu hlotið vilyrði fyrir endurgreiðslu að fjárhæð 400 milljóna króna.

Viðskiptasendinefnd til Rúmeníu og Búlgaríu

Dagana 14.-19. október fór iðnaðar- og viðskiptaráðherra með fjölmennri viðskiptasendinefnd á vegum Útflutningsráðs Íslands til Rúmeníu og Búlgaríu. Í ferðinni voru 14 fyrirtæki og um 25 fulltrúar þeirra. Flest fyrirtækjanna höfðu tæknilegan bakgrunn, t.d. með tengsl í lyfjagerð, verkfræði og hugbúnaðargerð. Tilgangur flestra var að leita að samstarfsaðilum í þessum löndum og skoða möguleika á fjárfestingum.

Tvö íslensk fyrirtæki hafa þegar fjárfest í Rúmeníu, þ.e. Límtré hf. sem í samstarfi við Dani rekur nýja verksmiðju, Glulam Romania, skammt utan við höfuðborgina Búkarest og Lánstraust hf., sem rekur

fyrirtæki um fjárhagsupplýsingar, Delos CreditInfo, í Búkarest.

Reynsla þessara fyrirtækja af fjárfestingum og rekstri í landinu var oft til umræðu í íslenska hópnum enda voru fjárfestingamöguleikar almennt mjög ofarlega á baugi.

Mikill undirbúningur liggur að baki þegar farið er með viðskiptasendinefnd til útlanda. Hann byggir á margra ára reynslu starfsmanna Útflutningsráðs enda kemur þeim ekkert á óvart þegar á hólminn er komið. Stærsti einstaki þátturinn í undirbúningnum er gerð vandaðs upplýsingarits á máli þess lands sem heimsótt er. Þar eru ýtarlegar upplýsingar um íslensku þátttakendurna með lýsingu á umfangi og eðli starfsemi

fyrirtækjanna, tilgangi með förinni og hvers þau vænta af viðræðum við væntanlega viðskiptavini.

Þessar upplýsingar fara til systurstofnunar Útflutningsráðs, sem í Búkarest var Romanian Trade Promotion Center, sem kynnir þær heimafyrir og bókar viðskiptafundi við íslensku fyrirtækin. Öll íslensku fyrirtækin fengu marga viðmælendur og þeir sem voru umsetnastir skráðu yfir 20 viðskiptafundi. Dagskráin í Búkarest hófst 14. október með formlegum viðskiptadegi sem skiptist í tvo hluta. Annarsvegar var það viðskiptaráðstefna fram að hádegi og hinsvegar viðtöl síðdegis. Viðskiptafundirnir héldu svo áfram daginn eftir og eru þá oft viðræður við þá sem álitlegastir þóttu eftir fyrri daginn.



Viðskiptaráðstefnan hafði þann megin-tilgang að kynna efnahagslíf þjóðanna og viðskiptaumhverfi þeirra. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra gaf yfirlit um helstu efnahagsstærðir hér á landi, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Útflutningsráðs gerði grein fyrir utanríkisviðskiptum Íslendinga og síðan komu fjórir stuttir fyrirlestrar um efnahags- og viðskiptamál í Rúmeníu. Viðskiptaráðstefnuna sóttu yfir eitthundrað manns úr rúmensku atvinnulífi, en fundarsjóri var Sveinn Þorgrímsson skrifstofustjóri.

Dagskrá ráðherra miðaðist fyrst og fremst við þarfir íslensku fyrirtækjanna. Þannig voru á einum degi fundir með tveimur ráðherrum og einum borgarstjóra. Fyrst var fundur með orkumálaráðherra Rúmeníu til að kynna orkumál á Íslandi með sérstaka áherslu á jarðhitanýtingu. Tilgangur fundarins var að koma verkfræði- og ráðgjafarþjónustu fyrirtækisins Enex á framfæri og kveikja áhuga á samstarfi um jarðhitarannsóknir og jarðhitanýtingu í Rúmeníu. Þá var

Frá fundi íslenskra fyrirtækja með rúmenskum viðskiptavinum.



Viðskipti og menning mætast í Sofíu í Búlgaríu. Guðmundur Sigbórsson form. Raddbandafélagsins, sem er 16 manna karlakór, Kristján Sverrisson frá Actavis í Búlgaríu og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

fundur með landbúnaðarráðuneytinu en tilgangur hans var að kynna íslensk-danska fyrirtækið Glulam Romania, ræða reynslu þeirra af starfseminni í landinu og nokkra hnökra í hráefnisöflun sem ráðuneytið þurfti að vera meðvitað um. Síðan var fundur með borgarstjóra í Búkarest til að ræða rafrænt mála-skrárkerfi fyrir opinberar stofnanir og rafræna stjórnsýslu. Tilgangurinn var fyrst og fremst að opna dyr fyrir fyrirtækið Gopro Group (Hugvit) að stjórnsýslu borgarinnar.

Í Rúmeníu fór iðnaðar- og viðskiptaráðherra einnig með viðskiptasendinefndina á fund héraðstjórnarinnar í Dambovita sem er um 80 km utan borgarinnar. Héraðsstjórnin hefur mikinn hug á að ná til sín fleiri íslenskum fjárfestingum til viðbótar við límtrés-verksmiðjuna Glulam Romania sem þar er staðsett.

Að loknum erindrekstri í Rúmeníu var haldið til Sofíu höfuðborgar Búlgaríu. Dagskráin þar var með sama sniði og áhugi á komu íslensku viðskiptasendi-

nefndarinnar síst minni. Ekki fór á milli mála að fjárfestingar Actavis í lyfjaiðnaðinum í Búlgaríu og aðild Landsbankans að kaupum á búlgarska landssímanum var mjög til að hvetja heimamenn til að hitta fulltrúa þessa litla norræna lands. Þetta vareinna augljósast á blaða-mannafundi sem haldinn var í kjölfar viðskiptaráðstefnunnar. Þangað mættu á þriðja tug blaðamanna og spurningar þeirra beindust einkum að því hvernig Íslendingum tókst að brjótast frá örbirgð til bjargálna á síðustu öld.

Á sama tíma og viðskiptasendinefndin var í Sofíu var þar einnig íslensk menningarvika. Það kom í hlut

iðnaðar- og viðskiptaráðherra að opna menningarvikuna í hátíðarsal Háskólans í Sofíu. Skólanum voru færðar bókargjafir frá ráðuneytinu og Eddu miðlun til að styrkja bókakost hans um norræn fræði. Tveir kórar frá Íslandi settu mjög sterkan lit á dagskrá vikunnar. Óperukór Hafnarfjarðar og Raddbandakórinn héldu nokkra tónleika við mikla hrifningu, en auk þess var opnuð sýning á málverkum Eiríks Briem og ljósmyndasýning með verkum Harðar Daníelssonar og Mats Wibe Lund. Það er óhætt að segja að mennigarívaðið sem fylgdi viðskiptasendinefndinni í Sofíu hafi gefið henni nýja vídd sem eftir var tekið.



Á annað hundrað gestir mættu á viðskiptaráðstefnunna til að kynna sér möguleika á nýjum viðskiptum við Ísland.



Alþjóðlegur fundur IPHE á Íslandi

Dagana 23. og 24. september var haldinn í Reykjavík fundur framkvæmdanefndar IPHE, (International Partnership for the Hydrogen Economy), en um er að ræða alþjóðlegt samstarf 15 þjóða á sviði vetnismála, sem stofnað var til að frumkvæði Bandaríkjanna í nóvember 2003. Iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir ávarpaði fundinn í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 23. september en um 80 manns frá 20 þjóðlöndum sóttu fundinn.

A fundinum í Reykjavík voru tvö meginmál til umræðu: Í fyrsta lagi skipulag starfsins með áherslu á menntun og alþjóðatengsl á sviði vetnisþróunar. Í öðru lagi var fjallað um vetnisverkefni víða um heim og þá þróun og árangur sem náðst hefur. Fulltrúar ýmissa landa og svæða fjölluðu um verkefni á sviði vetnisþróunar. Fulltrúar samtaka bílaframleiðenda kynntu einnig sjónarmið sín á fundinum en miklum fjármunum er varið af þeirra hálfu til þróunar vetnisbifreiða sem ætlunin er að markaðssetja innan 10 -15 ára. Ísland er ásamt Þýskalandi í formennsku fyrir framkvæmdanefnd IPHE og er Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor annar formanna nefndarinnar, ásamt

Hanns-Joachim Neef frá Þýskalandi, Ágúst Valfells frá Orkustofnun er einnig fulltrúi Íslands í nefndinni. Á fundinum var samþykkt framkvæmdaáætlun nefndarinnar næstu misseri sem ber heitið "Reykjavík Action Plan".

Vetnisstöðvum fer ört fjölgandi víðsvegar um heim og eru þær nú um 87 talsins og var sú síðasta vígð í Perth í Ástralíu fyrir viku síðan. Í Japan eru þegar hafin þróunarverkefni á sviði vetnis í 31 borg, sem tengjast bifreiðum sem og rafmagnskerfum. Rannsóknir á sviði vetnis eru afar fjölbreytilegar svo sem vetnisnotkun bifreiða, orkugeymsla og notkun á raforkukerfi til almennings,

vetnisframleiðsla, o.fl. Þess má geta að íbúafjöldi stofnþjóða IPHE er um 3,5 milljarðar og þau lönd standa fyrir um 85% af landsframleiðslu heimsins (GDP), og 75% af allri raforkuframleiðslu og útblæstri gróðurhúsagass á jörðinni.

Fundur framkvæmdanefndar IPHE sem nú er haldinn hér á landi byggir á stofnsáttmála IPHE sem og áherslum og stefnumörkun stjórnarnefndar IPHE frá fundi sem haldinn var 25.-27. maí sl. Þann fund sóttu af Íslands hálfu Baldur Pétursson, iðnaðarráðuneyti og Gunnar Pálsson, sendiherra, sem þar eiga sæti. Starfsemi IPHE fer fram í tveim nefndum, annars vegar stjórnarnefnd og hins vegar framkvæmdanefnd. Skrifstofa IPHE í Washington sér um rekstur samstarfsins og er kostuð af Bandaríkjunum. Markmið IPHE samstarfsins er að efla alþjóðlega þróun og skilvirkt samstarf og verkefni á sviði vetnisrannsókna, til að auðvelda þróun hagkerfa í átt að vetnisvæðingu.

NÝJAR SKÝRSLUR



Útrás íslenskrar tónlistar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur frá árinu 1995 stutt útrás íslenskrar tónlistar með margvíslegum hætti. Í skýrslunni er gerð grein fyrir því hverjir hafa fengið styrki frá ráðuneytinu á árunum 1999 og fram á síðasta ársfjórðung 2003. Maí 2004.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar-svæðisins til aukinnar samkeppnishæfni, sóknar og alþjóðatengsla.

Tillögur Verkefnisstjórnar um byggða-áætlun við Eyjafjörð, sem skipuð var

af Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í árslok 2002. Mars 2004.

Íslenskt viðskiptaumhverfi.

Í janúar 2004 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefndumstefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis, sem m.a. var ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts. September 2004.

NÝIR STARFSMENN



Andrés Svanbjörnsson.

Yfirverkfræðingur á sviði orkufreks iðnaðar og staðarvalsrannsókna. Hann hóf störf 1. janúar s.l. Andrés lauk Dipl. Ing. prófi í byggingarverkfræði frá Rheinisch Westfälische Technische Hochschule í Aachen í Þýskalandi 1967.



Haraldur Örn Ólafsson.

Lögfræðingur á sviði fjármálamarkaðar. Hann hóf störf í ágúst s.l. Haraldur Örn lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1996 og öðlaðist rétt til málflyttings fyrir héraðsdómi árið 1997.



Þórir Skarphéðinsson.

Lögfræðingur á sviði fjármálamarkaðar. Hann hóf störf í janúar s.l. Þórir lauk lagaprófi frá lagadeild H.Í. 2000 og öðlaðist réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi 2003.



Matthías Páll Imsland.

Deildarsérfræðingur á skrifstofu nýsköpunar- og byggðamála. Hann hóf störf í júní s.l. Matthías lauk BA-prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands 1998, Master of European Affairs frá Lund University 1999 og er að ljúka MS í alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands.

Vaxandi umsvif eru á sviði vetnismála hjá flestum aðildarlöndum og auknu fjármagni er varið til málaflokksins. Áherslur á sviði vetnis tengjast stefnumörkun margra landa á sviði umhverfismála og viðleitni til að draga úr mengun og gróðurhúsalofttegundum, sem og að treysta öryggi í orkuöflun. Takmarkaðar olíubirgðir heims og sveiflur á verði olíu hefur ýtt enn frekar undir þróun á vetni sem nýjum valkosti sem orkubera.

Þátttaka Íslands í starfi IPHE er í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda á sviði vetnis- og orkumála er miðar að þróun í átt að vetnisvæddu hagkerfi, svo fljótt sem það verður tæknilega og efnahagslega hagkvæmt. Einn þáttur þessarar stefnu er að á Íslandi geti orðið vettvangur alþjóðlegra vetnissóknar, þar sem lögð verði áhersla á hagstæð starfsskilyrði, alþjóðlegt samstarf, þróun tilraunaverkefna og þekkingu.

Verkefni á sviði vetnissóknar hér á landi hafa vakið alþjóðlega athygli. Í ferðum eftir fundinn var gestum kynnt og sýnd vatns- og gufuaflsstöðvar á suðurlandi samhliða öðrum kynningum frá Landsvirkjun ofl. Á heimasíðu IPHE <http://www.iphe.net/ilciceland.htm> má sjá nánari fréttir og myndir af fundinum, m.a. ávarp Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra.



Jón Þór Sturluson forstöðumaður rannsóknarseturs verslunarinnar, Runólfur Ágústsson rektor, Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri SVP, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Brynjar Steinarsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samkaupa hf. fyrir hönd verslunarfyrtækja.

Rannsóknarsetri verslunarinnar komið á fót á Bifröst

Samstarfssamningur um stofnun Rannsóknarseturs verslunarinnar við Viðskiptaháskólann á Bifröst var undirritaður þann 8. október af Valgerði Sverrisdóttur, viðskiptaráðherra, Sigurði Jónssyni framkvæmdastjóra SVP, Runólfi Ágústssyni rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst og Brynjari Steinarssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Samkaupa hf. fyrir hönd verslunarfyrtækja o.fl. Að samstarfssamningnum standa viðskiptaráðuneytið, SVP-Samtök verslunar og

þjónustu, verslunarfyrtæki o.fl. og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Forstöðumaður setursins hefur verið ráðinn dr. Jón Þór Sturluson, hagfræðingur.

Markmiðið með rannsóknarsetrinu er að rannsaka og kynna stöðu og þróun smásöluverslunar á Íslandi og efla kennslu og rannsóknir á háskólastigi samfara því. Rannsóknarsetrið mun einnig taka þátt í samstarfi við vísindamenn innanlands sem erlendis og taka

þátt í umræðu um hagfræðileg málefni er snerta stöðu verslunar og þjónustu.

Í stjórn setursins sitja Brynjar Steinarsson, formaður, fulltrúi verslunarfyrtækja o.fl., Atli Freyr Guðmundsson, fulltrúi viðskiptaráðuneytis, Emil B. Karlsson, fulltrúi SVP og Magnús Árni Magnússon, fulltrúi Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Evrópufélagið (evrópska hlutafélagið)

Hinn 8. október s.l. tóku gildi hér á landi lög nr. 26/2004 um Evrópufélög, svo og lög nr. 27/2004 um aðild starfsmanna að Evrópufélögum. Hér á landi heyrir reglugerðin um Evrópufélögin undir viðskiptaráðuneytið en tilskipunin um

aðild starfsmanna að Evrópufélögum undir félagsmálaráðuneytið. Sjá nánar á vef IVR: <http://www.idnarraduneyti.is/log-og-reglugerdir//nr/612>

Lög um uppfinningar starfsmanna

Á síðasta þingi voru samþykkt lög nr. 72, 7. júní 2004 um uppfinningar starfsmanna. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. Sjá nánar á vef IVR: <http://www.idnarraduneyti.is/log-og-reglugerdir//nr/758>